



Egils Gull Kaleo Peysa

Stærðir

	S	M	L	XL	2XL	3XL	4XL
Yfirvídd	90	96	103	110	116	123	130 cm
Lengd að handvegi	38	39	40	41	42	43	44 cm
Lengd á ermi stutt	43	44	45	46	47	48	48 cm
Lengd á ermi löng	47	48	49	50	51	52	52 cm

Efni

Léttlopi 50 gr dokkur

0051 Hvítur	7	8	8	9	9	10	10
1409 Granatrauður	2	2	2	2	2	2	2
0005 Hærusvartur	2	2	2	2	2	2	2

Fjallalopi 50 gr

3041 Sinnepsgulur	1	1	1	1	2	2	2
-------------------	---	---	---	---	---	---	---

Krea Deluxe Shiny

01 Gull	1	1	1	1	2	2	2
---------	---	---	---	---	---	---	---

Prjónar

Hringprjónar nr 4 ½ 40 og 80 cm

Hringprjónar nr 3 ½ 40 og 80 cm

Sokkaprjónar nr 3 ½ og 4 ½

Prjónfesta

10 x 10 cm = 18 L og 24 umf slétt á prjón nr 4 ½

Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

Aðferð

Peysan er prjónuð í hring neðan frá og upp. Við handveg eru bolur og ermar sameinaðar á 80 cm prjón og axlarstykki prjónað áfram í hring. Umferð byrjar að miðju að framan þar sem 2 brugðnar lykkjur eru sem seinna verða notaðar til að klippa peysuna upp.

Gott er að hafa í huga að sumir prjóna munstur fast og því gott að fara í stærri prjóna eða u.þ.b. ½ nr upp. Sinnepsguli fjallalopinn og gullþráðurinn eru prjónaðir saman. Grófleikinn er sviðaður og léttlopi.

Bolur

Fitjið upp á prjón nr 3 ½, 80 cm 157, 169, 181, 193, 205, 217, 229 l með hvítum léttlopa og prjónið stroff 1 sl 1 br fram og til baka 6 cm. Því næst er skipt yfir á prjón 4 ½ 80 cm fitjið upp 2 lykkjur, fyrsta og síðasta lykkjan í umferð og eru þær prjónaðar brugðnar. Prjónið slétt og aukið út um eina lykkju að miðju að aftan. Nú ættu að vera 160, 172, 184, 196, 208, 220, 232 lykkjur á prjóninum. Prjónið slétt þar til bolur mælist 38, 39, 40, 41, 42, 43, 44 cm.

Ermar

Fitjið upp með hvítu á sokkaprjóna nr 3 ½ 40, 40, 42, 44, 44, 48, 48 l og prjónið 1 sl og 1 br 6 cm. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 4 ½ og aukið út um 3, 3, 7, 5, 5, 7, 7 l alls 43, 43, 49, 49, 49, 55, 55 l. Prjónið slétt 2 umferðir. Nú er komið að Gull munstrinu eða **munstur 1** og þá gildir fyrir þá sem prjóna munstur fast að fara upp um stærð. Þegar munstri líkur er strax aftur skipt í prjón nr 4 ½ og aukið út undir miðri ermi um 2 lykkjur og eina fyrir miðju alls 3 í fyrstu umferð. Eftir það er aukið út um 1 l eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu lykkju í 6... 5 ...6... 5... 5... 5... hverri umferð alls 11, 12, 10, 12, 14, 12, 13 sinnum. Nú ættu að vera 68, 70, 72, 76, 80, 82, 84 l á prjóninum. Prjónið þar til ermin mælist 43, 44, 45, 46, 47, 48, 48 cm á styttri og 47, 48, 49, 50, 51, 52, 52 cm á lengri. Setjið 10, 11, 12, 14, 16, 17, 18 l á enda og byrjun umf undir erminni á aukaband. Þá eru 58, 59, 60, 62, 64, 65, 66 lykkjur á prjóninum.

Prjónið seinni ermi eins.

Axlarstykki

Sameinið bol og ermar með hvítum á hringprjón nr 4 ½ hér er aftur hægt að hækka um ½ stærð ef þarf í munstri. Prjónið áfram með 2 brugðnum lykkjum framan á bol Prjónið framstk. 36, 38, 41, 43, 45, 47, 50 l því næst eru teknar 10, 11, 12, 14, 16, 17, 18 l á aukaband og fyrri ermi, 58, 59, 60, 62, 64, 65, 66 l, bakstykki 68, 74, 78, 82, 86, 92, 96 l næstu lykkjur á aukaband alls 10, 11, 12, 14, 16, 17, 18 l seinni ermi 58, 59, 60, 62, 64, 65, 66 l og svo að lokum seinni framstk 36, 38, 41, 43, 45, 47, 50 l. Nú eiga að vera 256, 268, 280, 292, 304, 316, 328 l á prjóninum. Athugið að fyrsta og síðasta lykkja í umferð er alltaf

prjónuð hvít. Þetta er gert svo það sé fallelgra að taka upp kantinn. Setjið prjónamerki í miðjar ermar báðu megin. Prjónið nú **munstur 2** og úrtöku samkvæmt teikningu. Þegar munstri er lokið er ein umferð prjónuð þannig. Prjónið 2 sl og 2 sl saman út umferð. Nú eiga að vera **84, 88, 92, 96, 100, 104, 108** l á prjóni. Prjónið nú 5 l fram yfir prjónamerki á vinstri öxl snúið við með german short row. Prjónið 5 L fram yfir prjónamerki á hægri öxl. Snúið við með german short row. Prjónið 3 l fram yfir vinstri öxl og snúið við með german short row og prjónið 3 l fram yfir prjónamerki á hægri öxl snúið við með german short row. Prjónið eina umferð sl þar sem tvöföldu lykkjurnar eru prjónaðar saman. Fellið af 3 brugðnu l á milli og skiptið yfir á prjón nr 3 ½. Prjónið síðan 1sl, 1 br 6 cm. Fellið laust af.

Frágangur.

Lykkjið saman undir höndum og gangið frá endum. Dragið endana í berustykkinu fram og saumið yfir þá á brugðnu lykkjunum með litlu spori tvisvar hvoru megin og klippið á milli saumanna. Prjónið kannt og saumið hnappa á listann. Prjónið seinni lista og hnappagöt. Tillið niður hálsmáli að innanverðu og saumið niður laust. Saumið skáband yfir sauminn.

Vinstri listi.

Takið upp í hverri umferð eina lykkju alla leið niður eftir lykkjunni sem var prjónuð hvít í byrjun og enda munsturs. .Eftir það eru fitjaðar upp 9 lykkjur neðst. Kanturinn er prjónaður upp svona. Prjónið* 1 sl og ein óprjónuð með þráðinn fyrir framan út umferð þangað til 1 sl er eftir hún tekin óprjónuð og 1 l af kantinum prjónuð sl óprjónaða felld yfir . Til baka er prjónað 1 sl og 1 óprjónuð með þráð fyrir framan allaleið *. Endurtakið .

Saumið hnappan á.

Hægri listi.

Prjónið hægri lista eins nema nú þarf að gera ráð fyrir hnappagötum. Þá er slitið frá og hvor kantur prjónaður fyrir sig og svo sameinað. Set hér inn leitarskilyrði inni á youtube sem kenna kantinn og hnappagöt ágætlega.

dobbeltstrikket knapstolpe


https://www.youtube.com/results?search_query=double+knit+button+band

Höfundur **Katrín Björk Sigríðardóttir**


Aðstoð með uppskrift er hægt að fá á Facebook síðunni **Ullogvitleysa.is**

<https://www.facebook.com/profile.php?id=61590839276168>

Munstur 1



Munstur 2



Lykill.

[White square]	= 0051 Hvítur Léttlopi
[Red square]	= 1409 Granatrauður Léttlopi
[Grey square]	= 0005 Hærusvartur Léttlopi
[Yellow square]	= 3041 Sinnepsgulur Fjallalopi
[Blue square]	= 01 Gull Krea Deluxe Shiny
[Diagonal line]	= engin lykkja
[Double diagonal line]	= prj 2 í saman til hægri.
[Triple diagonal line]	= prj 2 í saman til vinstri.